

Könnun á lestrarvenjum

nemenda í 5.-10. bekk Grunnskólans á Ísafirði
í mars 2014




Þessi könnun sem hér birtist, var lögð fyrir nemendur 5.-10. bekkjar í febrúar-mars 2014. Hún byggir að mestu leyti á sömu spurningum og voru lagðar fyrir nemendur skólans í mars 1999, 2004 og 2009 og ætti því að vera á margan hátt sambærileg. Þótt hún sé ekki hávísindaleg gefur hún örugglega vísbendingar um ákveðna þróun eða kannski öllu heldur hnignun á lestrarvenjum nemenda og viðhorfum þeirra til lestrar.


Tölurnar tala sínu máli en þó langar mig að bæta nokkrum athugasemdum við.

Spurt var hversu margar bækur nemandinn hefði lesið síðasta mánuðinn og þar kemur skýrt fram að bókunum fækkar stöðugt. Þegar í ljós kom árið 2004 hver þróunin var greip skólinn til aðgerða, gaf nemendum aukinn tíma til frjáls lestrar á skólatíma, stóð fyrir lestrarlotum o.fl., auk þess sem nemendum á unglingsstigi var gert að lesa a.m.k. eina bók að eigin vali í hverjum mánuði og gera skriflega grein fyrir henni. Ef til vill hafa þessi viðbrögð orðið til þess að talan hækkaði örlítið aftur í næstu könnun, 2009. En það hefur greinilega ekki dugað til því enn lækkar talan – og hefur raunar gert það jafnt og þétt hjá drengjum en þeir lesa talsvert minna en stúlkur og hafa allar kannanirnar sýnt það.

Meðaltal allra nemenda í 5.-10. bekk - lesnar bækur síðasta mánuðinn




Hvað hefur þú lesið margar bækur síðasta mánuðinn?



Upplýsingar um hversu margir segðust ekki hafa lesið neina bók í mánuðinum voru ekki teknar saman fyrir en 2009 og þá kváðust **12%** nemenda ekki hafa gert það. Þeim hefur fjölgað nokkuð síðan og er

talán komin upp í **13,55%**. Það vekur þó athygli að einn árgangur sker sig algerlega úr að þessu leyti og sýnir niðurstöðuna verulega. Ég kann ekki skýringu á því hvers vegna þessi eini árgangur sker sig svona úr en eflaust verður farið ofan í saumana á því.


Ekki lesið neina bók síðasta mánuðinn



Nú var í fyrsta sinn spurt hvort nemendur á unglingsstigi lykju yfirleitt við þessa einu bók sem þeim er ætlað að lesa í mánuði og kemur í ljós að það eru rúmlega 60% í 9. og 10. bekk sem gera það en aðeins tæp 40% í 8. bekk. Þessi niðurstaða veldur nokkrum vonbrigðum, enda er ekkert heimanám hjá nemendum annað en lestur og ætti ekki að vera til of mikils mælt að ljúka einni bók – að eigin vali – í hverjum mánuði. Samt er innan við helmingur strákahópsins sem gerir það.

Klárar þú yfirleitt kjörbók mánaðarins?

- Já, segja **64,6%** stelpna og **47%** stráka
- **60,5%** nemenda í 10. bekk
- **61,8%** nemenda í 9. bekk
- **39,4%** nemenda í 8. bekk




Spurt var hversu margar bækur börnin hefðu fengið í jólagjöf og fer þeim hriðfækkandi, þótt einhverjar sveiflur hafi orðið frá 1999 þegar börnin höfðu að meðaltali fengið **2,25** bækur. Í næstu könnun var talan komin niður í **1,85**. Hugsanlega hefur efnahagshrunið haft þau áhrif að börnin fengu fleiri bækur á jólum 2008 eða **2,61**, þegar Íslendingar hölluðu sér meira að gömlum gildum, lásu bækur og þrjúðu lopapeysur. En nú sækir í sama farið og talan að þessu sinni var **1,9**.




Það er kannski skiljanlegt að fólk gefi börnum ekki bækur ef skoðuð eru svör barnanna við næstu spurningu; hvort þau vilji fá bækur í tækifærisgjafir. Þar hefur orðið algert hrun í viðhorfum, því þeim sem svara þessari spurningu játandi hefur fækkað um meira en helming. Stelpur eru enn örlítið jákvæðari en strákar en þróunin er eins hjá báðum kynjum.

Ég vil gjarnan fá bækur í jóla- og afmælisgjafir




Sama niðurstaða kemur fram þegar spurt er hvort nemendum þyki gaman að lesa. Í fyrstu könnuninni, 1999, var einn hópur sem svaraði þessu 100% játandi, það voru stelpur á miðstigi. 80% nemenda í 5. bekk svöruðu spurningunni játandi að þessu sinni og voru þeir jákvæðastir svarenda. Neikvæð viðhorf hljóta að teljast áhyggjuefni og kalla á viðbrögð kennara og annarra uppalenda.



Næst var spurt hvort nemendum þætti erfitt að lesa langar bækur. Svörin við þessu komu vissulega nokkuð á óvart því nú bregður svo við að miklu færri en áður segja að þeim þyki erfitt að lesa. Það er ekki auðséð hvernig á að túlka þessa niðurstöðu, hún stangast á við neikvæð viðhorf að öðru leyti. Gæti verið að þau vilji ekki viðurkenna að eiga erfitt með lestur og vilji frekar bara segja að það sé leiðinlegt?


Langar bækur eru reyndar vinsælar hjá þeim sem lesa eitthvað á annað borð og það kom fram í svörum við annarri spurningu (Hvað skiptir mestu máli þegar þú velur þér bók?) að mörgum þykir það kostur að bókin sé löng. En það sama var uppi á teningnum 2009 og skýrir ekki alveg þessa niðurstöðu.

Mér finnst erfitt að lesa langar bækur




Það sama má segja um næstu spurningu, svörin komu nokkuð á óvart og lýsa jákvæðara viðhorfi til bóka en búast hefði mátt við miðað við önnur svör í könnuninni.


Ég vil heldur sjá myndina en lesa bókina



Fram til þessa hafa nemendur almennt lýst nokkuð mikilli trú á gildi bóklesturs en nú virðist sú trú nánast horfin. Kannski ekki að undra að þeir séu ekki að eyða tíma í eitthvað sem þeim finnst leiðinlegt og hafa enga trú á að skipti máli.




Næst var spurt hvar börnin fengu bækur til að lesa. Þar hafa orðið nokkuð miklar breytingar, því að börnin sem áður fengu bækur oftast heima hjá sér, fá þær nú helst á skólabókasafninu. Einnig dregur úr notkun bæjarbókasafnsins.




Næst var spurt hvernig bækur nemendur læsu helst. Þar má sjá nokkrar breytingar, ævintýrabækur eru greinilega mjög vinsælar en flestir aðrir flokkar hopa. Spurning hvort lesefnið er að verða einhæfara en áður- en trúlega eru þetta bara tískusveiflur. Myndasögur voru t.d. vinsælar 2009, þar átti Huggleikur Dagsson stóran hlut að máli en hann er horfinn aftur.

Hvernig bækur lestu helst?



Þá var spurt um dagblaðalestur. Ljóst er að nokkuð hefur dregið úr honum og kemur það ekki á óvart, enda hefur trúlega dregið úr slíkum lestri almennt, ekki bara hjá börnum og unglingum. Þegar spurt var hvað þau læsu helst í dagblöðunum, kom í ljós að strákar lesa helst íþróttafréttir og stelpur lesa helst fréttir af frægu fólki.

Lestu dagblöð?



Þegar spurt var hvort þau læsu önnur blöð, nefndu 30 unglingsblaðið Júlíu. Næstur kom Andrés Önd (25), Lifandi vísindi (20) og BB (11).



Næst voru nemendur beðnir að nefna uppáhaldshöfundinn sinn. J.K. Rowling er enn vinsælasti höfundurinn, en athygli vekur að hún fékk 50 atkvæði 2004 en aðeins 12 að þessu sinni. 47 af 166 svarendum 2014 skrifuðu að þeir ættu engan uppáhaldshöfund og var það mun hærra hlutfall svarenda en áður. Þar að auki var talsvert af bull-svörum við þessari spurningu, sumir nefndu t.d. bekkjarfélagi sína, foreldra eða aðra sem ekki eru rithöfundar.

Astrid Lindgren sem var í öðru sæti 2004 er nú horfin af listanum en Þorgrímur Þránínsson er auk Rowling sá eini sem er inni á þeim öllum. Meti nú hver fyrir sig hver þessara lista þeim þykir álitlegastur.

2004	2009	2014
J. K. Rowling (50)	J. K. Rowling (13)	J. K. Rowling (12)
J.R.R. Tolkien (12)	Hugleikur Dagsson (12)	Suzanne Collins (10)
Astrid Lindgren (12)	Þorgrímur Þránínsson (12)	Helgi Jónsson (7)
Guðrún Helgadóttir (11)	Kristín Helga Gunnarsd. (11)	Arnaldur Indriðason (7)
<i>Þorgrímur Þránínsson(11)</i>	<i>Stephanie Meyer (11)</i>	Gunnar Helgason (6)
Einar Már Guðmundsson (10)	Arnaldur Indriðason (10)	Sigrún Eldjárn (5)
Jacqueline Wilson (8)	Astrid Lindgren (8)	Þorgrímur Þránínsson (5)
Sören Olsson & Anders Jakobsson (8)	Bryndís Jóna Magnúsd. (8)	Yrsa Sigurðardóttir (5)

Spurt var um lestur á netinu og sögðust flestir (40) lesa ýmsa fréttamiðla en Facebook var í öðru sæti (36). 25 nefndu íþróttafréttir og bleikt.is og fréttir af frægu fólki voru einnig vinsælar. Spurningin var opin og líklega ekki nógu markviss og svörin hafa ekki verið greind eftir kynjum eða aldri. En það gæti verið áhugavert að skoða þetta nánar og spyrja t.d. um hve miklum tíma er varið í lestur á neti.

Ályktanir?

Tölurnar tala raunar fyrir sig sjálfar og líklega varasamt að leggja of mikið út af þeim. Það er þó alveg morgunljóst að stöðugt dregur úr yndislestri barna og unglunga á Ísafirði og viðhorf þeirra til bóka og lesturs eru mun neikvæðari en áður.

Fólk segir oft sem svo: „...hann les kannski ekki mikið í bókum en það gerir ekkert til, hann er alltaf að lesa eitthvað á netinu.“ En þessi „lestur“ á netinu er sjaldnast annað en lausleg skoðun mynda og fyrirsagna þegar að er gáð.

Ég trúir því ekki að nokkur maður telji að Facebook geti komið í stað Astrid Lindgren, verið jafn skemmtileg, þroskandi og mannbætandi og jafn góður grunnur fyrir lífið. Samt er það svo að börn sem segjast alls ekki hafa nokkurn tíma til að lesa, hafa samt nokkra klukkutíma á dag til að hanga á Facebook.

Við eigum mjög öflugt og gott bæjarbókasafn þar sem er miklu meira úrval bóka en á skólabókasafninu og er mikil synd að börnin skuli ekki nýta sér það. Það er líka dapurlegt að hlutverk heimilanna í lestraruppeldi barnanna hafi minnkað eins og niðurstöður könnunarinnar benda til. Það er mjög mikilvægt að foreldrar taki þátt í vali barna á bókum, aðstoði þau og ræði við þau um bækur. Raunar sýna margar rannsóknir að foreldrar eru í lykilhlutverki í því að skapa áhuga barna á lestri og vega þar mun þyngra en skólinn eða nokkrir aðrir aðilar. (Brynhildur Þórarinsdóttir. (2012). „Lestarahestamennska. Heilnæmt og heillandi fjölskyldusport.“ Tímarit Máls og Menningar 2)

Ljóst er að heimili og skóli þurfa að taka höndum saman ef á að takast að snúa þessari öfugþróun við, foreldrar, afar og ömmur (og allir hinir) að gefa börnum bækur við öll tækifæri, tala við þau um bækurnar, aðstoða þau við að velja bækur heima til frjáls lestrar, fara með þeim á bæjarbókasafnið o.s.frv. Jafnvel ota að þeim dagblöðum! Sýna lestri þeirra áhuga og láta þau finna að hann skipti máli. Skólinn er að gera allt mögulegt til að fá börnin til að lesa og njóta góðra bókmennta en það er örugglega ýmislegt fleira sem hann gæti gert. Það verður örugglega skoðað og allt reynt sem hægt er. En þetta er ekki verkefni sem skólinn einn ræður við. Þarna verða foreldrar og samfélagið allt að leggja hönd á plóg.

